



Mýrdalshreppur

Endurskoðun aðalskipulags 2019-2031

SKIPULAGSLÝSING



Júní 2020

MÝRDALSRHREPPUR

Endurskoðun aðalskipulags 2019-2031

Skipulagslýsing



Margrét Ólafsdóttir, Kristín Una Sigurðardóttir
Drífa Gústafsdóttir og Óskar Örn Gunnarsson

Efnisyfirlit

1.	INNGANGUR	5
1.1	AÐALSKIPULAG	6
1.2	ÁHERSLUR.....	7
1.3	UMHVERFISMAT.....	8
1.4	UMSIÓN	8
2	FORSENDUR - MÝRDALSHREPPUR.....	9
2.1	SKIPULAGSSVÆÐIÐ.....	9
2.2	STAÐHÆTTIR.....	9
2.2.1	<i>Katla jarðvangur (Katla geopark)</i>	<i>10</i>
2.3	VEÐUR.....	10
2.4	SAMFÉLAG	11
2.4.1	<i>Íbúafjöldi.....</i>	<i>11</i>
2.4.2	<i>Atvinna.....</i>	<i>14</i>
2.4.3	<i>Ferðapjónusta.....</i>	<i>17</i>
2.4.4	<i>Menningarminjar</i>	<i>18</i>
2.5	INNVIÐIR	18
2.5.1	<i>Samgöngur.....</i>	<i>18</i>
2.5.2	<i>Fjarskipti</i>	<i>19</i>
3	VIÐFANGSEFNI OG HAGSMUNAAÐILAR	20
3.1	GREINING Á STEFNUMÓTUN	20
3.2	VIÐFANGSEFNI	21
4	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	24
4.1	LANDSSKIPULAGSSTEFNA.....	24
4.2	NÁTTÚRUVERNÐ	25
4.3	SVÆÐI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ	26
4.4	SAMGÖNGUÁÆTLUN	27
4.5	AÐALSKIPULAG SKAFTÁRHREPPS OG RANGÁRÞINGS EYSTRÁ	29
4.1	AÐRAR STEFNUR OG SAMÞYKKTIR Á SVEITARFÉLAGS- OG SVÆÐISVÍSU	29
4.1.1	<i>Verndarsvæði í byggð</i>	<i>30</i>
4.2	AÐRAR ÁÆTLANIR STJÓRNVALDA	30
4.2.1	<i>Fjarskiptaáætlun</i>	<i>30</i>

4.2.2	Kerfisáætlun.....	30
4.2.3	Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.....	31
4.2.4	Ferðamálastofa – Stefna 2017-2020. Framtíðarsýn, hlutverk og gildi.	32
4.2.5	Aðrar stefnur á landsvísu	32
5	MATSLÝSING	32
5.1	HELSTU ÁHRIFAPÆTTIR	34
5.2	UMHVERFISPÆTTIR OG ÁHERSLUR.....	35
5.3	UMHVERFISVIÐMIÐ.....	37
5.4	VALKOSTIR OG MAT Á ÁHRIFUM.....	44
6	SKIPULAGSFERLIÐ	46
6.1	TÍMAÁÆTLUN	46
6.2	SAMRÁÐ OG KYNNING	47

7 HEIMILDIR 49

TÖFLUSKRÁ

Tafla 1. Áhrifapættir skipulagsins.	34
Tafla 2. Matspættir í umhverfismati.....	36
Tafla 3. Stefnumörkun.	40
Tafla 4. Reglugerðir.....	40
Tafla 5. Önnur stefnumörkun.	42
Tafla 6. Alþjóðlegir samningar sem Ísland á aðild að.	43

LÍNURITASKRÁ

Línurit 1. Hlutfall íbúa í dreifbýli og þéttbýli í Mýrdalshreppi.	11
Línurit 2. Íbúafjöldi í Mýrdalshreppi 1998-2018.....	11
Línurit 4. Fjöldi íbúa með íslenskt og erlent ríkisfang í Mýrdalshreppi 2018.	12
Línurit 3. Hlutfall íbúa með erlent ríkisfang af heildar íbúafjölda Mýrdalshrepps.	12
Línurit 5. Aldursdreifing í Mýrdalshreppi árið 2019 borið saman við árið 1998.	13
Línurit 6. Aldursdreifing íbúa eftir kyni í Mýrdalshreppi 1998 og 2019.	13
Línurit 7. Aldursdreifing í Mýrdalshreppi borin saman við landið allt, 2019.....	14
Línurit 8. Hlutfall fólks á vinnualdri af heildar íbúafjölda Mýrdalshrepps 1998 og 2019	15
Línurit 9. Hlutfall fólks á vinnualdri af heildar íbúafjölda 2019, Mýrdalshreppur og landið allt.	16

MYNDASKRÁ

Mynd 1. Skipurit aðalskipulags.	7
Mynd 2. Kort sem sýnir afmörkun og staðsetningu Mýrdalshrepps á suðurströnd Íslands.	9
Mynd 3. Vindafar í Mýrdalshreppi. Veðurstofa Íslands.	10
Mynd 4. Víkurbraut á votum degi.	14
Mynd 5. Húsin í elsta hluta þorpsins.	15
Mynd 6. Íslenski fáninn við hún.	16
Mynd 7. Leið niður í Víkurfjöru.	17
Mynd 8. Horft yfir Vík.	17
Mynd 9. Vík.	18
Mynd 10. Þjóðvegur 1, horft að Víkurkletti.	19
Mynd 11. Guðlaugsblettur í Vík.	20
Mynd 12. Hamarinn, lítið hús í elsta hluta Víkur í Mýrdal.	22
Mynd 13. Ofan Víkur.	23
Mynd 15. Sólarlag. Verk á Víkursandi eftir Steinunni Þórarinsdóttur.	24
Mynd 14. Víkurhamrar.	24
Mynd 16. Austurvegur.	27
Mynd 17. Inngangur í Halldórsbúð.	29
Mynd 18. Brim í Víkurfjöru.	30
Mynd 19. Snjóþungur vetur.	31
Mynd 20. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.	31
Mynd 21. Reynisfjall og Reynisdrangar.	31
Mynd 22. Halldórsbúð.	32
Mynd 23. Gönguleið út með Víkurhömrum.	44

Hvað er skipulagslýsing og hvaða erindi á hún við mig?

Í skipulagslýsingu gerir skipulagsnefnd sveitarfélags grein fyrir tildrögum skipulagsvinnunnar sem fyrirhuguð er og hvernig staðið verður að henni. Eftir að lýsingin hefur verið samþykkt í sveitarstjórn er hún kynnt opinberlega og send Skipulagsstofnun til umsagnar.

Tilgangur skipulagslýsingar er að veita upplýsingar um þá vinnu sem fram undan er. Þá er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefið tækifæri til að fylgjast með vinnunni frá upphafi og koma á framfæri athugasemdum og ábendingum um nálgun við áætlunargerðina, viðfangsefni hennar og helstu forsendur frá fyrstu stigum skipulagsferilsins.

Ábendingar og athugasemdir sem berast við skipulagslýsinguna verða nýttar til að skilgreina verkefnið og feril þess nánar og við greiningu og stefnumótun á síðari stigum vinnunnar.

1. INNGANGUR

Hér er lögð fram skipulags- og matslýsing fyrir endurskoðun Aðalskipulags Mýrdalshrepps 2019-2031.

Skipulagslýsing er verkáætlun um mótun tillögu að endurskoðun á gildandi aðalskipulagi þar sem tildrögum og forsendum skipulagsgerðarinnar er lýst og áherslur sveitarstjórnar lagðar fram ásamt tímaáætlun skipulagsferilsins. Með þessari lýsingu er verkefnið kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum til að greiða fyrir og hvetja til þátttöku þeirra í mótun endurskoðaðrar aðalskipulagsáætlunar og gefa þeim færi á að koma athugasemdum sínum og hugmyndum á framfæri á upphafsstigum verkefnisins. Tilgangur lýsingar er að:

- **Tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila frá fyrstu stigum skipulagsvinnunnar.**
- **Stuðla að gagnsæi í öllu ferlinu og bæta upplýsingastreymi til íbúa og hagsmunaaðila.**
- **Gera skipulagsvinnuna markvissari og fá fram sjónarmið sem flestra samfélagshópa.**
- **Sveitarstjórn og aðrir sem koma að skipulagsgerðinni hafi góða yfirsýn.**
- **Stuðla að auknum gæðum við gerð skipulags og umhverfismat þess.**

Hvað er aðalskipulag?

Aðalskipulag er skipulagsáætlun sem nær til alls lands sveitarfélags. Í aðalskipulagi er sett fram stefna og ákvarðanir sveitarstjórnar um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar.

Sú stefna sem sett er fram í aðalskipulagi er útfærð nánar í deiliskipulagi fyrir einstök hverfi eða reiti.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á gerð aðalskipulags. Skipulagsnefnd sveitarfélags annast gerð aðalskipulags í umboði sveitarstjórnar.

Í upphafi nýs kjörtímabils skal sveitarstjórn taka afstöðu til þess hvort endurskoða skuli gildandi aðalskipulag.


Aðalskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt í sveitarstjórn og staðfest af Skipulagsstofnun.

1.1 AÐALSKIPULAG

Í lok árs 2018 samþykkti sveitarstjórn Mýrdalshrepps að hefja vinnu við heildarendurskoðun aðalskipulags hreppsins. Gildandi aðalskipulag var samþykkt árið 2013 og hefur verið breytt sjö sinnum síðan. Upphaf skipulagsgerðar í Vík má rekja aftur til ársins 1947 er hreppsnefnd óskaði eftir því við forvera Skipulagsstofnunar að gerður yrði uppdráttur af Víkurkaupþúni. Hófst þá vinna við gerð uppdráttar sem átti eftir að þróast næstu áratugina. Fyrsta aðalskipulagið fyrir byggðina var síðan samþykkt árið 1970. Endurskoðað Aðalskipulag Víkur 1975-1995 var staðfest árið 1977 og var það í gildi allt fram til ársins 2013 er núgildandi Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012-2028 var staðfest. Í millitíðinni var unnið Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2005-2025 en það hlaut aldrei staðfestingu ráðherra vegna álitamála sem upp komu. Verður þessi endurskoðaða skipulagsáætlun því þriðja Aðalskipulag Mýrdalshrepps.

Í aðalskipulagi ber sveitarfélögum að setja fram stefnu og ákvarðanir sveitarstjórnar um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar, um landnotkun, byggðapróun og -mynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og atvinnu- og umhverfismál. Lýsa skal forsendum þeirrar stefnu sem mörkuð hefur verið og hvernig fyrirhugað er að ná þeim markmiðum sem sett eru í áætluninni. Aðalskipulagi er ætlað að leiða samfélög í átt að sjálfbærri nýtingu lands og stuðla að sveigjanlegu og öruggu umhverfi fyrir íbúa og atvinnulíf. Aðalskipulag á að vera virkt stjórnþæki sem nýtist við ákvarðanatöku og við gerð áætlana sem fjalla um ráðstöfun lands. Markmiðið er að aðalskipulagið myndi gagnsæja umgjörð um sveitarfélagið og verði hagnýtt verkfæri við uppbyggingu og eflingu mannlífs í Mýrdalshreppi og traust umgjörð um atvinnulíf sem byggir á sjálfbærri nýtingu gæða og auðlinda svæðisins og stendur á sama tíma vörð um framtíð þeirra. Aðalskipulag skal haft til grundvallar við gerð annarra áætlana er snerta ráðstöfun lands á einn eða annan hátt og aðrar skipulagsáætlanir innan sveitarfélagsins vera í samræmi við aðalskipulagið.

Landsskipulagsstefna



Aðalskipulag

Mynd 1. Skipurit aðalskipulags.

1.2 ÁHERSLUR

Í skipulagsvinnunni verður lögð áhersla á að móta skýra stefnu með aðkomu breiðs hóps, þ.e. íbúa og annarra hagsmunaaðila auk þeirra fulltrúa sem fara með skipulagsvaldið fyrir hönd sveitarfélagsins. Áhersla verður lögð á uppbyggingu innviða og fjölbreyttra atvinnuvega og að auka lífsgæði íbúa með sjálfbæra þróun að leiðarljósi, með það að markmiði að skerða ekki mikilvæg náttúru- og menningarverðmæti svæðisins. Megin styrkleiki hreppsins í atvinnumálum liggur í landbúnaði og ferðaþjónustu og skal áfram lögð áhersla á þróun og aðbúnað þessara atvinnugreina. Undanfarin ár hefur sköpun nýrra starfa fyrst og fremst verið í ferðaþjónustu, en huga þarf að nauðsynlegri fjölbreytni starfa sem í boði eru í sveitarfélaginu.

Við ákvörðun um endurskoðun aðalskipulags Mýrdalshrepps voru eftirfarandi atriði höfð að leiðarljósi:

- Skipulagstímabil gildandi aðalskipulags er frá árinu 2012 til 2028, en á skipulaginu hafa verið gerðar 7 breytingar og forsendur hafa breyst mikið. Því er kominn tími á endurskoðun.
- Frá því að gildandi aðalskipulag var staðfest hafa tekið gildi ný skipulagslög og -reglugerð og kallar það á ákveðna uppfærslu í framsetningu aðalskipulags.
- Alþingi hefur staðfest landsskipulagsstefnu sem taka ber mið af við gerð skipulagsáætlana.
- Á skipulagstímabilinu hafa orðið miklar breytingar í sveitarfélaginu, svo sem atvinnulífi og íbúasamsetningu. Breyttar aðstæður og nýjar áskoranir kalla á endurskoðun stefnumótunar.

1.3 UMHVERFISMAT

Endurskoðun aðalskipulagsins er háð umhverfismati áætlana skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Umhverfismati er ætlað að stuðla að sjálfbærni í skipulagi og verndun umhverfis í samræmi við lög. Þar skal meta áhrif tiltekinna markmiða sem sett eru fram í aðalskipulaginu. Metið er hvort þeir valkostir sem settir eru fram til að ná markmiðum áætlunarinnar muni hafa jákvæð, óveruleg eða neikvæð áhrif á tiltekna umhverfisþætti. Stefnumörkun og val skipulagsleiða skal taka mið af niðurstöðum umhverfismatsins. Nánar er fjallað um umhverfismatið í 5. kafla.

1.4 UMSJÓN

Sveitarstjórnir bera ábyrgð á gerð aðalskipulags. Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps fjallar um aðalskipulagsvinnuna í umboði sveitarstjórnar í samræmi við skipulagslög og skipulagsreglugerð. Samið var við Landmótun sf. um skipulagsráðgjöf við endurskoðunina. Landmótun mun starfa í samvinnu við skipulagsnefnd Mýrdalshrepps ásamt skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins og halda utan um vinnuna við endurskoðun aðalskipulagsins. Sveitarstjórn og skipulagsnefnd fjalla um málefni aðalskipulagsins eftir því sem tilefni er til og aðrar nefndir hreppsins munu vinna að öflun gagna og mótun stefnu og vera þannig virkir þátttakendur í skipulagsgerðinni. Aðkoma íbúa og hagsmunaaðila að skipulagsvinnunni er mikilvæg og rík áhersla er lögð á hana. Leitað verður álits sérfræðinga þegar þörf verður á faglegu mati eða öðrum sérfræðiupplýsingum vegna skipulagsvinnunnar.

2 FORSENDUR - MÝRDALSHREPPUR

2.1 SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Mýrdalshreppur liggur sunnan Mýrdalsjökuls á suðurströnd Íslands á milli Rangárbings eystra og Skaftárhrepps og tekur aðalskipulagið til alls lands sveitarfélagsins sem er um 755 km². Sveitarfélagið varð til árið 1984 við sameiningu Dyrhólahrepps og Hvammshrepps en upphaf fjölbýlismyndunar í Vík í Mýrdal á rætur sínar að rekja til upphafs útræðis og verslunar á staðnum undir lok 18. aldar, og er saga þéttbýlisins samtvinnuð þeirri sögu.

2.2 STAÐHÆTTIR


Mýrdalshreppur afmarkast af Jökulsá á Sólheimasandi og Sólheimajökli að vestan og Blautukvísl á Mýrdalssandi og Kötlujökli að austan. Hreppurinn býr yfir stórbrotinni náttúruferu en nálægð jökuls og eldstöðva undir jökli og landbrot sjávar og jökulvatna eru óvægin náttúruöfl sem geta skapað hættu og ógnað öryggi og afkomu íbúa sveitarfélagsins. Sveitin er grasi gróin, en andstæður eru miklar og beljandi jökulfljót, klettótt fjöll og víðáttumiklir sandar mynda mótvægi við gróðurlendið. Á hálendissvæðum eru fjöllin víða mjög sundurskorin af hrikalegum gljúfrum, en þau eru að mestu fornar sprungumyndanir sem skriðjöklar og jökulár hafa mótað. Mestur hluti Mýrdalsfjalla er myndaður við neðansjávargos eða gos undir jökli, og eru þannig að mestum hluta úr móbergi, þó blágrýti og grágrýti finnist einnig.¹

Náttúruvá í Mýrdalshreppi er vegna eldsumbrota, hlaupa og landbrots. Sú ógn sem stendur Mýrdælingum hvað næst í dag er Katla í Mýrdalsjökli, ein virkasta eldstöð landsins, og jökulhlaup sem fylgja eldgosum undir Mýrdalsjökli. Viðbragðáætlun er fyrir hendi ef Katla bærir á sér.

¹Byggðastofnun, 1990. bls. 8.



Mynd 2. Kort sem sýnir afmörkun og staðsetningu Mýrdalshrepps á suðurströnd Íslands.



Mynd 3. Kort sem sýnir afmörkun Kötlu Jarðvangs.



Mynd 4. Vindafar í Mýrdalshreppi. Veðurstofa Íslands.

2.2.1 Katla jarðvangur (Katla geopark)

Innan Mýrdalshrepps er Katla geopark en hann er hnattrænn UNESCO Jarðvangur sem einkennist af tíðri eldvirkni í bland við jöklaumhverfi. Þetta samspil hefur mótað mannlíf og búsetu frá landnámi. Náttúrufar jarðvangsins er sérstætt að því leiti að svartir sandar jökulhlaupanna og hafnleysa einkenna undirlendið sem sundurskorið er af jökulám. Undir jökulþöktum tindum liggja megineldstöðvar og út frá þeim hafa hlaðist upp móberghryggir á tímum síðustu ísaldar. Katla, Eldgjá og gígaröðin Laki gjósa á nútíma þar sem mikil hraun breiddust út, gervigígar mynduðust ásamt gríðarlegum flóðum og öskufalli frá Kötlu 1918. Allt eru þetta jarðminjar með sérstöðu á heimsvísu, sem er undirstaðan fyrir því að vera UNESCO Jarðvangur.

2.3 VEÐUR


Í Mýrdalshreppi fara veðurathuganir fram í Vík og á Vatnskarðshólum. Reglulegar veðurathuganir hafa farið fram í Mýrdalshreppi frá árinu 1925 í Vík og 1978 á Vatnskarðshólum. Í september 2007 var veðurfarsstöðinni í Vík í Mýrdal breytt í skeytastöð. Vegagerðin hefur rekið sjálfvirka veðurstöð á Mýrdalssandi frá 1995 og á Reynisfjalli frá árinu 2009.²

² [VSÓ, 2012](#), bls. 4


2.4 SAMFÉLAG

2.4.1 Íbúafjöldi

Þann 1. janúar 2019 voru íbúar Mýrdalshrepps 695, og hafði þá fjölgað um 62 íbúa frá árinu áður. Gögn frá Hagstofu Íslands um íbúapróun í hreppnum sýna að íbúum hefur fjölgað síðastliðin 20 ár um 32%, úr 526 árið 1998 í 695 árið 2019.




Línurit 1. Hlutfall íbúa í dreifbýli og þéttbýli í Mýrdalshreppi.




Línurit 2. Íbúafjöldi í Mýrdalshreppi 1998-2018.

Landsvæði sveitarfélagsins er ekki ýkja stórt en nokkuð stór hluti íbúa býr í dreifbýli, eða um 40%, og hefur það hlutfall haldist nokkuð stöðugt á árunum 1998-2018 (línurit 1). Íbúasamsetning hefur á þessum tíma tekið nokkrum breytingum. Hlutfall íbúa með erlent ríkisfang hefur hækkað mikið, sérstaklega á síðustu 6-7 árum úr 7% árið 2013 í 35% árið 2018 (línurit 3 og 4). Er það vel yfir landsmeðaltali sem er 11%. Eins og sést á línuriti 4 eru langtum flestir íbúar með erlent ríkisfang á aldrinum 20-39 og útskýrir fjölgun þeirra það ójafnvægi í aldersdreifingu íbúa hreppsins sem myndast hefur. Á þetta sér að öllum líkindum skýringu í fjölgun erlendra ríkisborgara sem hafa flust í hreppinn til að vinna í ferðapjónustu, þar sem þörf fyrir starfsfólk í þeim geira hefur vaxið mjög hratt á fáum árum og krafan um góða íslenskukunnáttu í þjónustu við erlenda ferðamenn er ekki jafn rík og í mörgum öðrum störfum.




Línurit 3. Hlutfall íbúa með erlent ríkisfang af heildar íbúafjölda Mýrdalshrepps.




Línurit 4. Fjöldi íbúa með íslenskt og erlent ríkisfang í Mýrdalshreppi 2018.

Skipting kynja er mismunandi eftir aldurshópum en konur eru 46% íbúa í sveitarfélaginu og karlar 54% (sjá myndir 5). Börnum og ungmennum hefur fækkað nokkuð undanfarin 20 ár, en mest fjölgun hefur orðið í aldurshópnum 20-34 ára.




Línurit 5. Aldursdreifing í Mýrdalshreppi árið 2019 borið saman við árið 1998.



Línurit 6. Aldursdreifing íbúa eftir kyni í Mýrdalshreppi 1998 og 2019.



Mynd 5. Víkurbraut á votum degi.



Línurit 7. Aldursdreifing í Mýrdalshreppi borin saman við landið allt, 2019.


2.4.2 Atvinna

Vinnusóknarsvæði Mýrdalshrepps er að mestu leyti innan hreppsins en nær þó einnig til nágrannasveitarfélaganna Skaftárhrepps og Rangárbings eystra. Atvinnulíf í Mýrdalshreppi hefur tekið talsverðum breytingum undanfarin ár, meðal annars með mikilli fjölgun ferðamanna á svæðinu. Uppbygging á Suðurlandi hefur orðið nokkur og bætt lífsgæði og rekstrarumhverfi fyrirtækja á svæðinu en þó hefur innviðauppbýgging ekki haldist í hendur við þá miklu fjölgun ferðamanna sem orðið hefur.



Mynd 6. Húsin í elsta hluta þorpsins.

Mýrdalshreppur byggði afkomu sína lengi vel á landbúnaði og þjónustu. Nokkrar breytingar hafa orðið á atvinnulífi sveitarfélagsins á undanförunum árum, með mikilli fjölgun ferðamanna og uppbyggingu þjónustu fyrir þá. Fjöldmörg atvinnutækifæri hafa orðið til í tengslum við þessa uppbyggingu. Á árinu 2019 dróst fjöldi ferðamanna saman og var það í fyrsta sinn síðan þeim tók að fjölga í kjölfar goss undir Eyjafjallajökli. Það er þó ljóst að ferðamenn munu halda áfram að heimsækja landið og þjónusta við þá verður áfram mjög mikilvæg atvinnugrein í Mýrdalshreppi. Í endurskoðun aðalskipulagsins þarf að áætla að nýju fjölda ferðamanna sem mun heimsækja sveitarfélagið og þannig þörf á uppbyggingu fyrir þá.




Línurit 8. Hlutfall fólks á vinnualdri af heildar íbúafjölda Mýrdalshrepps 1998 og 2019



Mynd 7. Íslenski fáninn við hún.

Einhæfni í atvinnulífinu getur skapað ógn gagnvart stöðugleika og atvinnuöryggi. Í Vík í Mýrdal er alla helstu grunnþjónusta að finna, svo sem matvöruverslun, heilsugæslu, leik- og grunnskóla, dvalarheimili fyrir aldraða, félagsheimili, íþróttamiðstöð og sundlaug. Kaffihús, veitingastaði og afþreyingu fyrir ferðamenn má einnig finna í bænum sem er vinsæll viðkomustaður ferðamanna. Gott tjaldsvæði er í Vík með góðu plássi fyrir húsbíla, hjólhýsi og tjaldvagna og nokkur fjöldi hótela og gistihúsa.

Þegar lítið er til íbúapróunar í sveitarfélaginu undanfarin 20 ár hefur einstaklingum á vinnualdri (18-67) fjölgað mikið, eða um 15% (kvk) og 17% (kk) (sjá línurit 8). Börnum og ungmennum undir 18 ára aldri fækkaði á sama tíma til muna (stúlkum um 13% og drengjum um 14%) og ellilífeyrisþegum (eldri en 66 ára) fækkaði um 2-3%. Eins og línurit 5 og 6 gefa til kynna hefur mest fjölgun orðið í hópi ungs fólks á aldrinum 20-34 ára, bæði kvenna og karla. Er það e.t.v. merki um ákveðna einhæfni í þeim störfum sem hafa fylgt uppbyggingu undanfarinna ára.



Línurit 9. Hlutfall fólks á vinnualdri af heildar íbúafjölda 2019, Mýrdalshreppur og landið allt.



Mynd 8. Leið niður í Víkurfjöru.



Mynd 9. Horft yfir Vík.

2.4.3 Ferðapjónusta

Í uppbyggingu ferðapjónustu eru mikilvæg tækifæri fyrir sveitarfélög á landsbyggðinni til verðmætasköpunar í stað hefðbundinna undirstöðuatvinnugreina, svo sem landbúnaðar. Mýrdalshreppur hefur verið vinsæll viðkomustaður ferðamanna og sú fjölgun ferðamanna sem átt hefur sér stað á Íslandi á undanförunum árum hefur skilað sér í fjölgun starfa í ferðapjónustu í sveitarfélaginu. Ýmis þjónusta fyrir ferðamenn er í boði og hefur framboð aukist undanfarin ár. Í Vík í Mýrdal er gott tjaldsvæði og sundlaug, veitingastaðir og kaffihús og þó nokkur fjöldi gistiheimila og hótela. Fjöldi áhugaverðra viðkomustaða er í sveitarfélaginu sem margir bjóða upp á náttúruupplifunartengda afþreyingu, svo sem fuglaskoðun, gönguferðir og jöklaferðir. Tekin hafa verið saman gögn um áhugaverða staði á Íslandi og eru þau gögn aðgengileg í vefsíðu Ferðamálstofu. Eru um 35 staðir merktir inn í Mýrdalshreppi, þar af níu sérlega áhugaverðir staðir; *Reynisfjara og Reynisdrangar, Reynisfjall, Hálsanefnshellir, Dyrhólaey, Víkurfjara, Sólheimajökull og Þakgil*. Ljóst er að náttúrufegurð er helsta aðdráttarafl Mýrdalshrepps fyrir ferðamenn en gott framboð þjónustu og afþreyingar spilar þar einnig mikilvægt hlutverk.

Í uppbyggingu ferðapjónustu felast mikilvæg tækifæri fyrir sveitarfélög á landsbyggðinni til verðmætasköpunar, til viðbótar við hefðbundnar undirstöðuatvinnugreinar eins og landbúnað. Þessi tækifæri hafa verið nýtt í Mýrdalshreppi, þar sem fjölbreytt þjónusta fyrir ferðamenn hefur verið í boði og hefur framboð aukist mikið undanfarin ár. Í Áfangastaðaáætlun Kötlu jarðvangs er áfangastöðum skipt í þrjá flokka.

1. Áherslustaðir en það eru áfangastaðir sem eru með aðdráttarafl fyrir ferðamenn og þá einkum þá ferðamenn sem vilja mikla þjónustu.
2. ANNARS STIGS JARÐVÆTTI sem eru jarðvætti sem þurfa meiri vernd og henta ekki til fjöldaferðamennsku.
3. ÖLL ÖNNUR JARÐVÆTTI sem eru jarðvætti sem eru ekki með neina innviði og eru ekki hluti af innviðum svæðisins.



Mynd 10. Vík.

2.4.4 Menningarminjar

Samkvæmt friðlýsingarskrá frá 1990 eru 8 friðlýstar fornleifar skráðar í Mýrdalshreppi. Árið 2011 fór fram svæðisskráning fornleifa í hreppnum og voru þá skráðar 1997 fornleifar á 56 jörðum. Síðan hafa tekið gildi ný lög um menningarminjar nr. 80/2012 og því verður leitað samráðs við Minjastofnun um uppfærslu skráningarinnar skv. nágildandi stöðlum stofnunarinnar um skráningu fornleifa.

2.5 INNVÍÐIR

2.5.1 Samgöngur

Samgöngur eru mikilvægar fyrir atvinnu og búsetu í Mýrdalshreppi. Stór hluti sveitarfélagsins nýtur allgóðra samgönguskilyrða á landi en mjög mikil aukning hefur verið á umferð í sveitarfélaginu. Bundið slitlag er komið á stofnveg að öllu leyti en á lítinn hluta tengivega. Grunnnet samgangna eru stofnvegir eins og þeir eru skilgreindir í 8. gr. vegalaga, áætlunarflugvellir, helstu flugleiðir og hafnir og ferju- og siglingaleiðir meðfram ströndinni og inn á hafnir. Í Samgönguáætlun á uppbygging grunnnetsins, viðhald þess og rekstur að vera forgangsatriði til að samgöngukerfið uppfylli þarfir fyrir alla flutninga á fólki og vöru.

Þau svæði sem eru á fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019-2023 skv. tillögu til þingsályktunar og munu hafa hvað mestar úrbætur í samgöngumálum í för með sér fyrir íbúa og gesti Mýrdalshrepps eru Hringvegur um Gatnabrún (b4) og Jökulsá á Sólheimasandi (b5) þar sem fyrirhugað er að breikka einbreiða brú. „*Samkvæmt skýrslu Vegagerðarinnar (2002) um hættulegar beygjur á Þjóðvegi 1 er beygjan í Gatnabrún, þar sem núverandi Hringvegur liggur upp á Reynisfjall, ein af sex hættulegustu beygjum á Hringveginum og flokkast þar sem stórhættuleg. Í vaxtarsamningi Suðurlands (2006, bls. 92) kemur fram að þrátt fyrir að töluverðir fjármunir hafi verið lagðir í að lagfæra veginn á undanförunum árum er beygjan enn skilgreind sem hættuleg og að núverandi Hringvegur, þar sem hann liggur um Mýrdal, þolir ekki þungaflutninga sem um hann fara í dag og þarf styrkingar og endurnýjunar við ef ekki verður farið í gerð nýs vegar og jarðganga.*“³

³ VSÓ, 2012. bls 23.



Mynd 11. Þjóðvegur 1, horft að Víkurkletti.

„Að teknu tilliti til ávinnings og umhverfisáhrifa vegna færslu Hringvegar telur Sveitarstjórn Mýrdalshrepps að hagsmunir séu meiri við að færa Hringveginn og byggja jarðgöng um Reynisfjall, en með því verður hann greiðfær láglendisvegur í stað vegar um hættulegar brekkur og misvandasamt svæði (...) Ný veglína hefur ekki veruleg áhrif á svæði á Náttúru-minjaskrá, búsvæði fugla og ræktanlegt land. Ýmsar hugmyndir hafa verið til skoðunar til úrbóta í vegamálum í sveitarfélaginu, en megin niðurstaðan er að byggja göng í gegnum Reynisfjall. Kemur það m.a. fram í jarðgangaáætlun (Vegagerðin, 2000), Vaxtarsamningi Suðurlands (2006), stefnumótun Rangárbings og Mýrdals í atvinnu- og ferðamálum 2005-2010 og frumdrögum Vegagerðarinnar fyrir Hringveg um Mýrdal (2008).“

Markmið með færslu vegarins eru m.a.:

- Greiðfærni á veturna. Greiðfærni fyrir alla umferð og vöruflutninga.
- Umferðaröryggi. Bæta vegtæknilega eiginleka vegarins s.s. sjónlengdir, beygjur, veghalla og fækka tengingum.
- Færa Hringveg út úr þéttbýli. Bætir öryggi í þéttbýli.
- Styttning Hringvegar.

Einn flugvöllur er í sveitarfélaginu, Höfðabrekkuflugvöllur en þangað er ekkert áætlunarflug. Engin höfn er sveitarfélaginu en næsta höfn er Landeyjarhöfn og því næst Þorlákshöfn. Því eru góðar samgöngur á landi sérstaklega mikilvægar í sveitarfélaginu.

2.5.2 Fjarskipti

Til þess að unnt sé að byggja upp atvinnu í sveitarfélaginu og bjóða upp á almenn lífsgæði er mikilvægt að fjarskiptasamband sé gott, og er góð nettenging í dag forsenda byggðar í dreifbýli sem þéttbýli. Lélegt netsamband var farið að há rekstri ferðaþjónustu í Mýrdalshreppi og því höfðu íbúar sjálfir frumkvæði að því að leggja ljósleiðara í sveitarfélaginu árið 2014. Var félagið Líf í Mýrdal stofnað um lagningu og rekstur ljósleiðara. Árið 2015 lauk verkefninu og þá höfðu um 75 aðilar tengst kerfinu. Ljósleiðari félagsins nær frá Sólheimajökli í vestri að Höfðabrekku í austri, alls um 100 km langt net.⁴

⁴ <https://www.bbl.is/frettir/frettir/ljosleidaravaett-i-myrdalnum/10287/>

Hvað er sjálfbær þróun?

Sjálfbær þróun mætir þörfum samtímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta sínum þörfum, og lágmarkar þannig neikvæð áhrif á umhverfið.

Sjálfbær þróun er lykilhugtak í allri umræðu samtímans um þróunar- og umhverfismál, og hlýtur sífellt meira vægi í allri samfélagsgerð.

Hugmyndin um sjálfbæra þróun byggir á þremur meginstoðum: samfélagi, umhverfi og efnahag.

Þróun getur aðeins verið sjálfbær ef jafnvægi er á milli stoðanna þriggja. Hún getur þannig aðeins verið sjálfbær ef hún er til framdráttar á öllum þremur sviðum.

3 VIÐFANGSEFNI OG HAGSMUNAAÐILAR

Í skipulagsvinnunni verður lögð áhersla á sjálfbærni í þróun og nýtingu lands. Markmiðið er að auka lífsgæði íbúa með því að byggja upp öflugt atvinnulíf og gott og öruggt samfélag sem hvílir á traustum innviðum. Á sama tíma skal þess gætt að náttúru- og menningarverðmæti svæðisins bíði ekki skaða. Aðalskipulagið byggir á styrkum stoðum stefnuskjala, laga og reglugerða sem í gildi eru. Nánari útfærsla á þeim er eitt af meginviðfangsefnum skipulagsvinnunnar.

3.1 GREINING Á STEFNUMÓTUN

Leiðarljós aðalskipulags byggir á leiðarljósi og meginmarkmiðum gildandi aðalskipulags sem miðast við að sjá fyrir nægu landrými fyrir mismunandi starfsemi til næstu 12 ára.

Yfirmarkmið skipulagsins er **að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu, m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir fjölbreytt atvinnulíf og mannlíf og gera búsetu á svæðinu aðlaðandi og eftirsóknarverða fyrir fólk á öllum aldri.**

Lögð er áhersla á eftirfarandi sérgreind markmið:

- Að stuðla að **auknum og fjölbreyttum atvinnutækifærum** m.a. með nægu framboði lóða undir opinbera þjónustu, iðnað, ferðaþjónustu og aðra fjölbreytta atvinnustarfsemi.
- Að auka vægi **opinberrar þjónustu**.
- Að Mýrdalshreppur sé **fjölskylduvænt sveitarfélag, eftirsóknarvert** til búsetu með fjölbreytta afþreyingarmöguleika fyrir íbúa.
- Byggðamynstur sem fellur vel að **landslagi og er með fjölbreyttu búsetuúrræði** sem er til þess fallið að draga úr íbúaveltu.
- Að styrkja stoðir **fyrir ferðaþjónustu** á svæðinu sem byggir á sérstöðu svæðisins og fjölga afþreyingarmöguleikum.
- Að stuðla að **varðveislu náttúruminja og söguminja** og annarra umhverfislegra gæða.

- Að standa vörð um vernd **grunnvatns** sem nytjavatns fyrir íbúa og fyrir atvinnu-starfsemi.
- Að stuðla að **gróðurvernd, landgræðslu** og aukinni **landnýtingu** í samræmi við landgæði og ástand lands.
- Að koma í veg fyrir frekara **landbrot** af völdum **sjávar**.
- Að stuðla að því að **nýting lands, auðlinda og mannauðs** sé í samræmi við markmið um sjálfbæra þróun.
- Að stuðla að **bættu umferðaröryggi** með nýframkvæmdum og viðhaldi.

3.2 VIÐFANGSEFNI

Samráð við hagsmunaaðila í sveitarfélaginu við skipulagsvinnuna er mikilvægt frá upphafi. Íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefst enn kostur á að bera upp önnur málefni til umfjöllunar við skipulagsgerðina. Lögð verður sérstök áhersla á að endurskoða viðfangsefni innan sveitarfélagsins í eftirfarandi málaflokkum:

- **Atvinnulíf**
- **Byggð, menning og samfélag**
- **Umhverfismál**
- **Samgöngur**
- **Veitur**

Atvinnulíf

Í þessum málaflokki er lögð áhersla á stefnumörkun í stoðgreinum atvinnulífsins og að auka fjölbreytni í atvinnulífi sveitarfélagsins m.a. með áherslu á að auka vægi opinberrar þjónustu.

Helstu stoðir atvinnulífsins eru ferðaþjónusta og landbúnaður. Mörkuð verður stefna í þessum málaflokkum með tilliti til frekari uppbyggingar, aukinnar fjölbreytni og hagkvæmnisjónarmiða.

Byggð, menning og samfélag

Undir þennan málaflokk falla skólar, þjónusta, frítími og varðveisla/uppbygging menningarminja, trúarstofnanir, kirkjugarðar o.fl.

Horft verður til íbúáþróunar síðustu ára m.t.t. þarfa fyrir framtíðarbyggingarsvæði og farið yfir forsendur sem kallað geta á breytingar frá gildandi aðalskipulagi. Íbúum hefur fjölgað á undanförunum árum í sveitarfélaginu og þörf er á lóðum fyrir fjölbreytt íbúðarhúsnæði. Áhersla verður lögð á að Mýrdalshreppur verði fjölskylduvænt sveitarfélag, eftirsóknarvert til búsetu með fjölbreytta afþreyingarmöguleika fyrir íbúa.

Umhverfismál

Undir þennan málaflokk falla m.a. friðlýst svæði, önnur náttúruvernd, vatnsvernd, hverfisvernd strandsvæði, minjavernd, skógræktar- og landgræðslusvæði.

Áhersluatriði í þessum málaflokki eru m.a. ásýnd byggðar og skipulag og sörpmál. Að stuðla að varðveislu náttúruminja og söguminja og annarra umhverfislegra gæða þannig að landnýting verði hagkvæm. Vernd grunnvatns sem nytjavatns fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi. Gróðurvernd, landgræðsla og aukin landnýting í samræmi við landgæði og ástand lands.



Mynd 13. Hamarinn, lítið hús í elsta hluta Víkur í Mýrdal.



Mynd 14. Ofan Víkur.

Að stuðla að því að nýting lands, auðlinda og mannauðs sé í samræmi við markmið um sjálfbæra þróun.

Samgöngur

Málaflokkurinn samgöngur tekur á vegamálum í sveitarfélaginu svo sem stofnvegum, tengivegum, göngum, gönguleiðum, hjólaleiðum, reiðleiðum, flugvöllum, þýrlupalli o.fl. Vilji er til að stuðla að bættu umferðaröryggi með viðhaldi og framkvæmdum.

Veitur

Í þennan málaflokk falla ljósleiðaratengingar í sveitarfélaginu, rafmagn, neysluvatn, fráveita og ljósleiðari. Einn af veikleikum samfélagsins er rafmagnsóöryggi.



Mynd 16. Víkurhamrar.



Mynd 15. Sólarlag. Verk á Víkursandi eftir Steinunni Þórarinsdóttur

4 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Við vinnslu á endurskoðun aðalskipulagsins verður tekið mið af öðrum áætlanagerðum, bæði á vegum sveitarfélagsins og ríkisins. Helst ber að nefna landsskipulagsstefnu, rammaáætlun, samgönguáætlun og náttúruminjaskrá.

Tekið hafa gildi ný skipulagslög, nr. 123/2010, og ný skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir nýjum skipulagsflokkum s.s. afþreyingar og ferðamannasvæðum, íþróttasvæðum, skógræktar- og landgræðslusvæðum, varúðarsvæðum og annarri náttúruvernd. Í einhverjum tilfellum mun landnotkun því færast milli landnotkunarflokka. Í lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013, er gert ráð fyrir vernd víðerna auk merkra jarðmyndana og vistkerfa. Í lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 eru virkjanakostir skv. öðrum áfanga Rammaáætlunar flokkaðir í varúðarsvæði og aðra náttúruvernd.

4.1 LANDSSKIPULAGSSTEFNA

Landsskipulagsstefna 2015-2026 var samþykkt á Alþingi 16. mars 2016 og er unnin á grundvelli skipulagslaga nr.123/2010. Samkvæmt skipulagslögum skulu sveitarfélög taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagáætlana eða breytinga á þeim og, eftir því sem við á, samræma þær landsskipulagsstefnu innan fjögurra ára frá samþykkt hennar. Meðal markmiða landsskipulagsstefnu er að skipulag byggðar og landnotkun stuðli að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs sbr. kafla 3.4. Öflugir innviðir þar sem segir að skipulagsgerð sveitarfélaga eigi að stuðla að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum. Sérstaklega verði hugað að fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum sbr. kafla 3.4. Í kafla 2.4 kemur fram að við skipulagsgerð sveitarfélaga skuli leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda viðkomandi svæðis með tilliti til tækifæra í ferðaþjónustu. Í landsskipulagsstefnu er einnig fjallað um skipulags á haf- og strandsvæðum, þar sem lögð er áhersla á sjálfbæra nýtingu auðlinda, upplýsingaöflun um vernd og nýtingu og mörkun stefnu um skipulagsmál haf- og standsvæða í samræmi við nýja löggjöf þar um sem samþykkt var 26. júní 2018 (lög um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018). Í landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir flokkun landbúnaðarlands og að landslagsgreining og vistgerðarflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum um landbúnaðarland. Samkvæmt landsskipulagsstefnu skal mörkuð stefna um yfirbragð byggðar og að landnotkun styðji við búsetu og samfélag en taki jafnframt

tillit til verndarsvæða. Mið verður tekið af gildandi landsskipulagsstefnu við endurskoðun aðalskipulags Mýrdalshrepps.

Markmið landsskipulagsstefnu verða höfð að leiðarljósi:

- **Að skipulagsbreytingar stuðli að sjálfbærri þróun.**
- **Að auka rými fyrir sveigjanleika og seiglu í sveitarfélaginu vegna umhverfis- og samfélagsbreytinga.**
- **Bæta innviði sveitarfélagsins sem stuðla að auknum lífsgæðum íbúa.**
- **Styrkja samkeppnishæfni sveitarfélagsins við önnur sveitarfélög á landsvísu með því að auka gæði og fjölbreytileika byggðar.**

4.2 NÁTTÚRUVERNÐ

Ný lög um náttúruvernd nr. 60/2013 tóku gildi árið 2015. Samkvæmt 13. gr laganna gefur ráðherra út náttúruminjaskrá og leggur fram á Alþingi eigi sjaldnar en á 5 ára fresti tillögu að þingsályktun um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Í nýju lögunum er gert ráð fyrir náttúruminjaskrá sem skiptist í 3 hluta: A- hluti er skrá yfir náttúruminjar og svæði sem hafa verið friðlýst eða friðuð, B- hluti er framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum og C- hluti er skrá yfir náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Í nýju náttúruverndarlögunum voru einnig skilgreindir nýir flokkar friðlýstra svæða, þ.e. óbyggð víðerni og landslagsverndarsvæði. Ráðherra ákveður friðlýsingu svæða og friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda og tekur jafnframt ákvörðun um breytingu og afnám friðlýsingar og friðunar. Í lögunum er lögð áhersla á að byggja upp skipulagt net verndarsvæða til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni, jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags. Ákvæði um efnistöku sem áður voru í náttúruverndarlögum hafa verið færð inn í skipulagslög.

Náttúruverndaráætlun fjallar um náttúruminjar, þ.e. náttúruverndarsvæði og lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi, sem ástæða þykir til að friðlýsa. Snigillinn brekkubobbi (*Cepaea hortensis*) er ein þriggja dýrategunda sem eru á Náttúruverndaráætlun 2009-2013,

sem er nýjasta útgáfa náttúruverndaráætlunar.⁵ Mikilvægt búsvæði brekkubobbans er í Reynisfjalli. Ekki er gert ráð fyrir mannvirkjum á umræddu búsvæði þannig að því verður ekki raskað. Stór hluti umrædds svæðis er í miklum halla og þar er skilgreind hrúnhætta skv. hættumati Veðurstofu Íslands frá árinu 2009. Áhrifasvæði gangamunna í Reynisfjalli mun þ.a.l. ekki ná yfir á búsvæði brekkubobba.⁶

Við endurskoðun aðalskipulagsins verður tekið mið af Náttúruminjaskrá.

4.3 SVÆÐI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ

Friðlýst svæði

Dyrhólaey er friðlýst svæði, skv. auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda nr. 101/1978.⁷ Dyrhólaey er þverhnýptur 120 metra hár móbergsstapi sem rís úr hafi. Mjór bergrani tengir eyjuna við land og í honum er gatið eða dyrnar sem stapinn ber nafn sitt af. Dyrhólaey var friðlýst árið 1978 en þar er mikil náttúrufegurð og fuglalíf og eyjan því vinsæll viðkomustaður ferðamanna. Dyrhólaey er syðsti oddi landsins. Stærð friðlandsins er 147,2 ha.

Dyrhólaey er á appelsínugulum lista Umhverfisstofnunar yfir svæði í hættu sem veita þarf sérstaka athygli og hlúa sérstaklega að. Aðferðarfræðin sem notuð er við að byggja listann upp er svokölluð SVÓT greining þar sem styrkleikar, veikleikar, ógnir og tækifæri viðkomandi svæðis eru greindir.⁸

Fjögur svæði í Mýrdalshreppi eru á náttúruminjaskrá. Þau eru skv. heimasíðu Umhverfisstofnunar:

708 Dyrhólaós, Loftsalahellir, Reynisdrangar og Reynisfjall. Dyrhólaós vegna sjávarleira, þær einu á Suðurlandi,¹ með sérstæðum lífsskilyrðum. Loftsalahellir vegna sögustaðar og sérstæðrar hellamyndunar. Reynisdrangar vegna fjölbreyttra stuðlabergsmýndana og hellisskúta og Reynisfjall vegna gróskumikilla hlíða. Mikið fuglalíf er við Dyrhólaós. 708. Dyrhólaós, Loftsalahellir, Reynisdrangar og Reynisfjall, Mýrdalshreppi, V-Skaftafellssýslu. (1) Fjörur, þar með Reynisfjara öll og grunnsævi í Dyrhólaósi ásamt Loftsalahelli og nánasta

⁵ Alþingi Íslands, 2008-2009.

⁶ VSÓ, 2012.

⁷ Stjórnartíðindi B-deild, nr. 101/1978.

⁸ Umhverfisstofnun, 2018.



Mynd 17. Austurvegur.

umhverfi. Reynisfjall upp að efstu brúnum, frá Görðum að vestan, suður fyrir fjallið að Króktorfuhaus, ásamt Reynisdröngum og Hellnaskaga. (2) Í Dyrhólaósi eru sjávarleirur, þær einu á Suðurlandi, með sérstæðum lífsskilyrðum. Loftsalahellir er sögustaður og sérstæður hellir í móbergshamri syðst í Geitafjalli. Fjölbreyttar stuðlabergsmyndanir, hellisskútar og gróskumiklar hlíðar. Mikið fuglalíf. Sögulegar minjar.

709 Skammadalskambar vegna fornra sæskelja og kuðungar í setbrotum á víð og dreif um móbergið. (1) Efri hluti Skammadalskamba og Sjónaröxl, upp af bæjunum Skammadal og Skammadalshóli. (2) Fornar sæskeljar og kuðungar í setbrotum á víð og dreif um móbergið.

710 Vatnsdalur í Dalaheiði, vegna Ísaldarminja. Dalurinn er geysistór og hrikalegur sprengigígur. Suðvestan í honum er Gæsavatn, en úr því fellur Gæsaá í slæðufossum niður í Hálsgil. (1) Dalurinn afmarkast af Ögmundarhöfða að norðan, Vatnstindi og Gæsatindum að austan og sunnan. Innan markanna er Gæsaá ásamt nánasta umhverfi, allt að Hálsgili. Ísaldarminjar.

711 Eyjarhóll. Hólinn er stakur keilulaga blágrýtishóll, afar sérstætt stallalandslag vegna paldra (jarðsils). Eyjarhóll og um 200 m breið pöldrótt brekka norður af hólum í Pétursey.

4.4 SAMGÖNGUÁÆTLUN

Samkvæmt Samgönguáætlun 2020-2034 eru þrjár framkvæmdir sem munu hafa hvað mestar úrbætur í samgöngumálum í för með sér fyrir íbúa og gesti Mýrdalshrepps og eru þær allar á áætlun á árunum 2020-2024. Það er hringvegur um Mýrdal á 13,3 km kafla (b2-b4), Hringvegur um Gatnabrún og öryggisaðgerðir í Vík (b4) og Jökulsá á Sólheimasandi (b5) þar sem fyrirhugað er að breikka einbreiða brú. Samkvæmt skýrslu Vegagerðarinnar frá árinu 2002 um hættulegar beygjur á þjóðvegi 1 er beygjan í Gatnabrún, þar sem núverandi Hringvegur liggur upp á Reynisfjall, ein af sex hættulegustu beygjum á Hringveginum og flokkast þar sem stórhættuleg. Í vaxtarsamningi Suðurlands frá árinu 2006 kemur fram að þrátt fyrir að töluverðir fjármunir hafi verið lagðir í að lagfæra veginn á undanförunum árum er beygjan enn skilgreind sem hættuleg og að núverandi Hringvegur, þar sem hann liggur um Mýrdal, þolir ekki þungaflutninga sem um hann fara í dag og þarf styrkingar og endurnýjunar við ef ekki verður farið í gerð nýs vegar og jarðganga.⁹

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir færslu Hringvegarins og byggingu jarðganga um Reynisfjall, og verður hann þá greiðfær láglendisvegur í stað vegar um hættulegar brekkur og


⁹ [VSÓ, 2012](#), bls 23.

misvindasamt svæði. Ný veglína hefur ekki veruleg áhrif á svæði á Náttúruminjaskrá, búsvæði fugla og ræktanlegt land.

Markmið með færslu vegarins eru m.a.:

- *Greiðfærni á veturna. Greiðfærni fyrir alla umferð og vöruflutninga.*
- *Umferðaröryggi. Bæta vegtæknilega eiginleika vegarins s.s. sjónlengdir, beygjur, veghalla og fækka tengingum.*
- *Færa Hringveg út úr þéttbýli. Bætir öryggi í þéttbýli.*
- *Stytting Hringvegar.*

Einn flugvöllur er í sveitarfélaginu, Höfðabrekkuflugvöllur, en engin höfn. Næsta höfn er Landeyjarhöfn og því næst Þorlákshöfn. Því eru góðar samgöngur á landi sérstaklega mikilvægar í sveitarfélaginu.



Mynd 18. Inngangur í Halldórsbúð.

Áætlanir og stefnur sveitarfélagsins og sveitarfélaga á suðurlandi.

4.5 AÐALSKIPULAG SKAFTÁRHREPPS OG RANGÁRÞINGS EYSTRÁ

Taka þarf mið af aðalskipulagi nágrannasveitarfélaganna við endurskoðun aðalskipulags Mýrdalshrepps og leita umsagnar þeirra um endurskoðað aðalskipulag.

4.1 AÐRAR STEFNUR OG SAMÞYKKTIR Á SVEITARFÉLAGS- OG SVÆÐISVÍSU

Samþykktir sveitarfélagsins um ýmis málefni.

Menntastefna Mýrdalshrepps, 2010.

Jafnréttisáætlun Mýrdalshrepps, 2014.

Áfangastaðaáætlun Kötlunar jarðvangs, 2017.



Mynd 19. Brim í Víkurfjöru.

4.1.1 Verndarsvæði í byggð

Tillaga að verndarsvæði í byggð í vesturhluta Víkurþorps var samþykkt í sveitarstjórn Mýrdalshrepps í desember 2018. Tillagan býður staðfestingar ráðherra. Taka skal mið af skilmálum og ákvæðum verndarsvæðisins í vestur hluta Víkurþorps í öllum áætlunum sveitarfélagsins.

4.2 AÐRAR ÁÆTLANIR STJÓRNVALDA

4.2.1 Fjarskiptaáætlun

Stjórnvöld leggja fram á fjögurra ára fresti á Alþingi tillögu til þingsályktunar um fjarskiptaáætlun þar sem mörkuð skal stefna fyrir næstu tólf árin. Í fjarskiptaáætlun skal gera grein fyrir ástandi og horfum hvað varðar fjarskipti í landinu og meta og taka tillit til þarfa samfélagsins fyrir bætt fjarskipti. Í gildi er tólf ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2022 nr. 4/141. Markmið fjarskiptaáætlunar er að byggðakjarnar með yfir 50 íbúa séu tengdir ljósleiðara (1.c.).

4.2.2 Kerfisáætlun

Áætlunin er unnin skv. raforkulögum nr. 65/2003 en Landsneti ber að sjá til þess að fyrir liggi áætlanir um uppbyggingu flutningskerfis raforku.



Mynd 22. Reynisfjall og Reynisdrangar.



Mynd 20. Snjóþungur vetur.

4.2.3 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015. Markmiðin gilda á tímabilinu 2016-2030 og eru 17 talsins með 169 undirmarkmið. Þau taka bæði til innanlandsmála sem og alþjóðasamstarfs á gildistímanum. Heimsmarkmiðin eru algild og því hafa aðildarríkin skuldbundið sig til þess að vinna skipulega að innleiðingu markmiðanna bæði á innlendum og erlendum vettvangi út gildistíma þeirra. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun skulu höfð að leiðarljósi í stefnumörkun í sveitarfélaginu, í samræmi við áherslur stjórnvalda sem hafa samþykkt innleiðingu markmiðanna á Íslandi. Með markmiðunum er leitast við að tryggja öllum mannréttindi og ná fram kynjajafnrétti og efla vald kvenna og stúlkna. Markmiðin eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli hinna þriggja stoða sjálfbærrar þróunar, þ.e. hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu stoðar. Ríkisstjórn Íslands hefur



Mynd 21. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

forgangsraðað 65 undirmarkmiðum við innleiðingu heimsmarkmiðanna á Íslandi, en forgangsroðunin tekur mið af stjórnsáttmála ríkisstjórnarinnar. Forgangsmarkmiðin



Mynd 23. Halldórsbúð.

endurspegla áherslur stjórnvalda við innleiðingu markmiðanna næstu árin. Þau útiloka þó ekki að unnið verði að innleiðingu annarra markmiða. Sveitarfélagið tekur ákvörðun um hvernig innleiðing markmiðanna í stefnu sveitarfélagsins verður háttáð og metur hvort forgangsraða eigi ákveðnum markmiðum í sveitarfélaginu.

4.2.4 Ferðamálastofa – Stefna 2017-2020. Framtíðarsýn, hlutverk og gildi.

Í stefnunni er framtíðarsýn Ferðamálastofu sett fram, um að tryggja og vinna að faglegri umgjörð um ferðaþjónustu á Íslandi þannig að ferðamenn og landsmenn allir hafi jákvæða upplifun af ört vaxandi atvinnugrein.

4.2.5 Aðrar stefnur á landsvísu

- Velferð til framtíðar- Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020.
- Hafið – Stefnumótun íslenskra stjórnvalda, 2004.
- Hreint loft til framtíðar – Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029
- Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024.
- Menningarstefna í mannvirkjagerð, 2007.
- Orkustefna fyrir Ísland, 2011.
- Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018 – 2030.
- Stefnumörkun um framkvæmd Samnings um líffræðilega fjölbreytni, 2008.
- Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024.
- Ferðamálaáætlun 2011-2020.
- Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna.

5 MATSLÝSING

Endurskoðun aðalskipulags fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 (UMÁ) sökum þess að áætlunin markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Umhverfismati er ætlað að stuðla að verndun umhverfis og sjálfbærri þróun í samræmi við fyrrnefnd lög. Umhverfismati er ætlað að stuðla að verndun umhverfis og sjálfbærri þróun í samræmi við

Lög þessi og áhrif tiltekinna markmiða sem sett eru fram í aðalskipulaginu skulu metin. Umhverfismati er ætlað að sjá til þess að umhverfisáhrif séu skoðuð við mótun tillögu og að haft sé að leiðarljósi frá upphafi að lágmarka neikvæð áhrif og hámarka jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Metið er hvort þeir valkostir, sem settir eru fram til að ná markmiðum áætlunarinnar, muni hafa jákvæð, óveruleg eða neikvæð áhrif á tiltekna umhverfisþætti. Í umhverfisskýrslu verður gerð grein fyrir þessu mati og verður skýrslan lögð fram með aðalskipulagstillögunni, á formlegum kynningartíma hennar. Samráð skal haft við Skipulagsstofnun við ákvörðun um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu.

Helstu breytingar á stefnu gildandi aðalskipulags verða teknar til umhverfismats. Ný skipulagslög og -reglugerð kveða á um ítarlegri stefnumótun en áður var gert. Því kann að vera óljóst hvort um stefnubreytingu er að ræða eða eingöngu breytingu til samræmis við ný lög og reglugerð. Því er gert ráð fyrir að draga fram markmið sem víkja verulega frá gildandi skipulagi og sýna hvernig ólíkir valkostir snerta umhverfisþættina sbr. lög um umhverfismat áætlana. Við gerð umhverfismats verða nýtt ákveðin viðmið og stuðst við stefnu sem sveitarstjórn hefur samþykkt ásamt stefnu og áætlunum á landsvísu sem varða viðfangsefni aðalskipulagsins. Stefnumörkun og val skipulagsleiða skal taka mið af niðurstöðum þessa umhverfismats.

5.1 HELSTU ÁHRIFABÆTTIR

Þeir þættir í skipulagsvinnunni sem helst eru taldir geta haft í för með sér umhverfisáhrif varða áætlanir um ný mannvirki og samgöngur. Í töflu 1 er fjallað nánar um þessa þætti.

Áhrifabættir	Lýsing
Orkumál & fráveitur	Fráveituáætlun –fyrirkomulag stofnæðar fráveitu. Geta haft áhrif á samfélag, náttúrufar og dýralíf, náttúru- og menningarminjar, vatn, sjó og strandlínu.
Atvinna	Tækifæri til sóknar í atvinnulífinu, uppbygging fjölbreyttari atvinnuvega. Framtíð og fyrirkomulag ferðaþjónustu, og gisti- og afþreyingarmöguleikar í hreppnum.
Byggð	Helstu þættir sem horft er til eru: Próun þéttbýlisins í Vík í Mýrdal og svæði fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Möguleg áhrif byggðapróunar í sveitarfélaginu, s.s með tilliti til tengsla við önnur svæði, atvinnu, samgöngu- og þjónustukerfi. Byggð getur haft áhrif á samfélag, náttúrufar og dýralíf, náttúru- og menningarminjar, vatn, sjó og strandlínu, landslag og áskýnd, náttúruvá og öryggismál.
Samgöngur	Möguleg áhrif samgangna eru vegna skipulags umferðarkerfa, bæði núverandi og nýrra, og áhrif á öryggi vegfarenda og íbúa, byggðapróun og atvinnutækifæri. Samgöngur geta haft áhrif á samfélag, atvinnulíf, náttúrufar og dýralíf, náttúru- og menningarminjar, vatn, sjó og strandlínu, landslag og áskýnd, hljóðvist, loftgæði, náttúruvá, öryggismál og veðurfar (losun gróðurhúsalofttegunda).

Tafla 1. Áhrifabættir skipulagsins.

5.2 UMHVERFISÞÆTTIR OG ÁHERSLUR

Í umhverfismati áætlunarinnar verða helstu þættir til umfjöllunar samfélag, náttúrufar og dýralíf, náttúru- og menningarminjar, vatn, sjór og strandlína, landslag og ásýnd, náttúruvá og öryggi. Yfirlit yfir meginspurningar í umhverfismatinu er að finna í töflu nr. 2.

Viðfangsefni	Megin spurning í umhverfismati áætlunarinnar: Hvernig samræmist stefnumótunin umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins er varðar viðkomandi umhverfispátt, öðrum stefnuskjölum, lögum og alþjóðlegum skuldbindingum?
Samfélag	Allir skipulagsþættirnir sem taldir eru upp í töflu 1 geta haft áhrif á samfélag. Meginspurningar í matinu er hvort áætlunin hafi áhrif á eftirfarandi meginþætti: - Gæði þjónustu við íbúa? - Atvinnumöguleika íbúa? - Íbúafjölda og/eða íbúasamsetningu? - Gæði byggðar og efnisleg verðmæti? - Aðgengi íbúa að íþrótt-, tómstunda- og útivistarsvæðum og náttúru?
Náttúrufar & dýralíf	Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu og veitukerfa áhrif á eftirfarandi meginþætti: - Viðkvæma náttúru eða dýralíf? - Svæði sem teljast mikilvæg vegna líffræðilegs fjölbreytileika? - Svæði sem teljast mikilvæg vistsvæði fugla? - Svæði sem teljast mikilvæg búsvæði dýra/gróðurs?
Náttúru- & menningarminjar	Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu og veitukerfa áhrif á: - Fornleifar - Aðrar menningarminjar/-verðmæti - Búsetu- eða menningarlandslag - Friðlýst svæði eða önnur verndarsvæði samkvæmt lögum um náttúruvernd - Svæði á náttúruminjasrá eða náttúruverndaráætlun

	Hverfisverndarsvæði
Vatn, sjór & strandlína	Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu og veitukerfa áhrif á eftirfarandi meginþætti: - Vatnsverndarsvæði - Vötn, ár og læki - Votlendissvæði, strandsvæði eða grunnsævi
Landslag/ásýnd	Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu og veitukerfa áhrif á eftirfarandi meginþætti: - Viðkvæma náttúru eða dýralíf - Svæði sem teljast mikilvæg vegna líffræðilegs fjölbreytileika? Svæði sem teljast mikilvæg vistsvæði fugla - Svæði sem teljast mikilvæg búsvæði dýra/gróðurs
Náttúruvá/öryggismál	Verður náttúruvá til staðar á: - Nýjum byggingarsvæðum - Núverandi byggingarsvæðum - Megin samgönguæðum - Hefur útfærsla byggðar og samgöngukerfa áhrif á umferðaröryggi

Tafla 2. Matsþættir í umhverfismati.

Í umhverfismati áætlunarinnar verða sett viðmið fyrir hvern megin umhverfisþátt.

Viðmiðin verða sett með tilliti til stefnu Mýrdalshrepps, markmiða sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum og viðmiða í öðrum opinberum stefnuskjölum, lögum og alþjóðlegum skuldbindingum. Áhersla verður lögð á að styðja við matið með mælanlegum

umhverfisvísunum þar sem kostur er. Framsetning á niðurstöðu matsins verður í formi greinargerðar og yfirlitstafla.

Skoðað verður hvort sú stefna sem sett er fram hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á umhverfisþætti samanborið við núverandi ástand, þ.e. núll kost. Teljist umhverfisáhrif verulega neikvæð verður hægt að bregðast við með breytingu á stefnu eða mótvægisáðgerðum. Einnig mun matsvinnan nýtast til þess að skilgreina mögulegar vöktunaraðgerðir ef óvissa ríkir um hugsanleg umhverfisáhrif.

5.3 UMHVERFISVIÐMIÐ

Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða vísir til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem stefna aðalskipulagsins hefur í för með sér. Umhverfisviðmið geta verið af ýmsum toga s.s. lög og stefnumið stjórnvalda. Höfð verður hliðsjón af viðmiðum og umhverfisverndarmarkmiðum sem sett eru fram í töflu. Matsvinnunni er ætlað að styrkja umfjöllun um forsendur og tryggja rökstuðning fyrir þeirri stefnu sem sett er fram í aðalskipulaginu.

Stefnumörkun	Lýsing
Lög	
Lög um umhverfismat áætla. nr. 105/2006	Að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt að stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða (1.gr.).
Skipulagslög nr. 123/2010	1. kafli, 1. gr. b-liður. Að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru- og menningarverðmæta og að koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.
Lög um menningarminjar nr. 80/2012	Markmið laganna er að tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Þá kveða lögin á um að allar minjar 100 ára og eldri séu fornminjar sbr. 3. gr. laganna. Þar segir einnig að til fornleifa teljist „hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða manna verk eru á. Í 30. gr. laganna segir að eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits Minjastofnunar Íslands. Í 31. gr. segir að óheimilt sé að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án vitundar Minjastofnunar.
Lög um náttúruvernd nr. 60/2013	Markmið laganna er að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Þau eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt og einnig stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og auknu þoli íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamförum og hnattrænum umhverfisbreytingum. Í lögunum eru sett fram verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir, jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni. Lögin miða jafnframt að vernd og sjálfbærri nýtingu auðlinda og annarra náttúrugæða. Samkvæmt 69. gr. eiga mannvirki að falla sem best að svipmóti lands. Meðal þeirra jarðmyndana og vistkerfa sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laganna eru stöðuvötn og tjarnir, mýrar og flóar, fossar svo og hrúður og hrúðurbreiður, sjávarfitjar og leirur og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Samkvæmt 62. gr. skal við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.
Lög um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015	Markmið skv. 1. gr. er að stuðla að vernd og varðveislu byggðar sem hefur sögulegt gildi. Samkvæmt lögunum skal sveitarstjórn meta hvort innan staðarmarka sveitarfélagsins sé byggð sem hafi slíkt gildi hvað varðveislu svipmóts og menningarsögu varðar, ásamt listrænu gildi, að ástæða sé til að útbúa tillögu til ráðherra um að hún verði gerð að verndarsvæði í byggð.
Jarðalög nr. 81/2004	Markmið skv. 1. gr. er að setja reglur um réttindi og skyldur þeirra sem eiga land og nýta það og stuðla að skipulegri nýtingu lands í samræmi við landkosti, fjölþætt hlutverk landbúnaðar og hagsmuni sveitarfélaga og íbúa þeirra, svo og að tryggja svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota.

Vegalög nr. 80/2007.	Markmið laganna er að setja reglur um vegi og veghald sem stuðla að greiðum og öruggum samgöngum. Skv. 6. gr skal vegakerfi landsins skiptist í þjóðvegi, sveitarfélagsvegi, almenna stíga og einkavegi. Þjóðvegir og sveitarfélagsvegir skulu mynda eðlilegt, samfellt vegakerfi til tengingar byggða landsins.
Lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019.	Markmið laganna er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra, að vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni, ræktun nýrra skóga til að byggja upp fjölbreytta skógarauðlind til sjálfbærra nytja, að nýting skóga sé sjálfbær þannig að skógarnytjar skili sem mestum hagrænum, félagslegum og umhverfislegum ávinningi fyrir samfélagið, að skógrækt verði í samræmi við skipulagsáætlanir og náttúruvernd, að auðvelda aðgengi fólks að skógum til útivistar og auka þekkingu fólks á málefnum skóga og skógræktar, að stuðla að kolefnisbindingu með ræktun skóga og aðlögun þeirra að loftslagsbreytingum, að skógrækt stuðli að verndun jarðvegs og dragi úr hugsanlegu tjóni vegna náttúruvár.

Reglugerðir	Lýsing
Skipulagsreglugerð nr. 90/2013	Gr. 1. Þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi. Stuðla skal að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.
Reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns nr. 797/1999	Gr. 1. Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir mengun grunnvatns af mannavöldum. Einnig er það markmið að takmarka afleiðingar mengunar sem þegar hefur orðið á grunnvatni.
Reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001	Gr. 2. Markmiðið er að vernda heilsu manna með því að tryggja að neysluvatn sé heilnæmt og hreint.

Tafla 3. Stefnumörkun.

Tafla 4. Reglugerðir.

Önnur stefnumörkun	Lýsing
Heimsmarkmiðin - Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.	Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun skulu höfð að leiðarljósi í stefnumörkun í sveitarfélaginu, í samræmi við áherslur stjórnvalda sem hafa samþykkt innleiðingu markmiðanna á Íslandi. Með markmiðunum er leitast við að tryggja öllum mannréttindi og ná fram kynjajafnrétti og efla vald kvenna og stúlkna. Markmiðin eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli hinna þriggja stoða sjálfbærrar þróunar, þ.e. hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu stoðar. Sveitarfélagið skal taka ákvörðun um hvernig innleiðing markmiðanna í stefnu sveitarfélagsins verður háttáð og hvort forgangsraða eigi ákveðnum markmiðum í sveitarfélaginu.
Stefnuýfirlýsing ríkisstjórnar	Ísland verði í fararbroddi í umhverfismálum á heimsvísu og öðrum þjóðum fyrirmynd á sviði umhverfisverndar. Ísland hefur sérstöðu í umhverfismálum í krafti ósnortinnar náttúru og sjálfbærrar nýtingar endurnýjanlegra auðlinda. Lögð er áhersla á að náttúruvernd og náttúrunýting fari saman.
Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018 – 2030	Meginmarkmið aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum með það fyrir augum að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart Parísarsamningnum til ársins 2030.
Hreint loft til framtíðar. Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029.	Meginmarkmið umhverfis- og auðlindaráðuneytis í loftgæðamálum er að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi. Mikilvægt er að koma í veg fyrir aukna loftmengun þrátt fyrir að áhrif hennar séu mögulega lítil hér á landi samanborið við önnur Evrópulönd. Einnig er mikilvægt að almenningur á Íslandi hafi góðan aðgang að upplýsingum um loftgæði. Loks er mikilvægt að ábyrgðarskipting stjórnvalda í málefnum tengdum loftgæðum sé skýr og að stjórnsýslan sé skilvirk. Undirmarkmið áætlunar um loftgæði á Íslandi til 12 ára (2018-2029) eru eftirfarandi: 1. Fækka árlegum ótímabærum dauðsföllum af völdum loftmengunar á Íslandi úr 80 (árið 2013) í færri en fimm fyrir 2029 2. Fækka árlegum fjölda daga þar sem svifryk fer yfir skilgreind heilsufarsmörk af völdum umferðar úr 7-20 skiptum niður í núll skipti fyrir árslok 2029 3. Ársmeðaltal brennisteinsvetnis (H ₂ S) verði áfram undir skilgreindum mörkum
Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024	Fram kemur í stefnunni að eðlilegt sé að líta á stefnu Íslands um sjálfbæra þróun, <i>Velferð til framtíðar</i> , sem grunninn að stefnumótun Íslands í umhverfismálum og þar með úrgangsmálum.
Vegvísir í ferðaþjónustu	Áfangastaðir ferðamanna verði skilgreindir í aðalskipulagi. Á áfangastöðum verði hugað að náttúru- og minjavernd, sjálfbærni áfangastaða, þjónustu, landvörslu, viðhaldi og uppbyggingu sem fellur vel að landslagi. Umferð ferðamanna verði stýrt ef þörf krefur, m.a. til að létta álagi af svæðum, þannig að hærra hlutfall gistinátta erlendra ferðamanna, á hótélum og gistiheimilum á landsbyggðinni, verði utan háannatíma. Góðar og öruggar samgöngur eru forsenda þess að ferðamenn dreifist sem víðast um landið. Bæta þarf uppbyggingu og viðhald heilsársvega og æskilegt er að skilgreina ferðamannaleiðir.
Menningarstefna í mannvirkjagerð, 2007	Stefnu íslenskra stjórnvalda um byggingarlist og hönnun opinberra mannvirkja er ætlað að standa vörð um menningararf í manngerðu umhverfi. Markmið stjórnvalda með stefnumörkun á sviði mannvirkjagerðar er að sýna fordæmi og vera fyrirmynd í að

	tryggja gæði og vandvirkni ásamt því að stuðla að uppfræðslu og vitundarvakningu um þau verðmæti sem liggja í góðri byggingarlist. Stjórnvöld bera mikla ábyrgð á manngerðu umhverfi, bæði með setningu laga og reglna og við ákvarðanir um skipulag byggðar og uppbyggingu hennar.
Þingsályktun um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2018-2024	Alþingi ályktaði, sbr. lög um byggðaaætlun og sóknaráætlanir, nr. 69/2015, að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnu og aðgerðaaætlunar í byggðamálum og að gert verði ráð fyrir framkvæmdinni við gerð fjárlaga hvers árs. Ísland verði í fararbroddi með nútímainnviði, framsækna þjónustu, verðmætasköpun, jöfn lífsgæði og öflug sveitarfélög sem geti annast staðbundin verkefni og veitt íbúum hagkvæma og góða þjónustu með markmið sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi. Í öllum landshlutum verði blómlegar byggðir og öflugir byggðakjarnar þar sem stuðlað verði að bættum lífskjörum landsmanna með sem jöfnustu aðgengi að grunnþjónustu og atvinnutækifærum óháð efnahag og búsetu. Byggðamál verði samþætt við aðra málaflokka eftir því sem við á. Helstu viðfangsefni byggðaaætlunar verði að takast á við fækkun íbúa á einstökum svæðum, einhæft atvinnulíf, tæknibreytingar og þróun og aðlögun er varðar einstakar atvinnugreinar, að skilgreina nauðsynlegar mótvægisaðgerðir og aðlögun vegna áhrifa loftslagsbreytinga, að tryggja greiðar samgöngur og aðgengi að þjónustu og bregðast við harðnandi alþjóðlegri samkeppni um fólk og fyrirtæki. Lögð verði sérstök áhersla á svæði sem standa höllum fæti í þessu samhengi.
Ferðamálaáætlun 2011-2020	Meginmarkmið í ferðamálum á tímabilinu 2011-2020 eru: - að auka arðsemi atvinnugreinarinnar - að standa að markvissri uppbyggingu áfangastaða, öflugri vörubróun og kynningarstarfi til að skapa tækifæri til að lengja ferðamannatímabilið um land allt, minnka árstíðasveiflu og stuðla að betri dreifingu ferðamanna um landið - að auka gæði, fagmennsku, öryggi og umhverfisvitund ferðaþjónustunnar - að skilgreina og viðhalda sérstöðu Íslands sem áfangastaðar ferðamanna, m.a. með öflugu greiningar- og rannsóknarstarfi

Tafla 5. Önnur stefnumörkun.

Samningar	Lýsing
Ramsarsamningur um votlendi	Samningurinn gerir ráð fyrir verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla.
Samningur um líffræðilega fjölbreytni	Samningurinn hefur það þríþætta markmið að vernda líffræðilega fjölbreytni, að tryggja að nýting lífrænna auðlinda sé sjálfbær og að arðinum af nýtingu þeirra sé skipt með réttlátum hætti.
Rammasamningur SP um loftslagsbreytingar	Að koma í veg fyrir hættulega röskun á loftslagskerfinu af mannavöldum, og tryggja þannig að matvælaframleiðslu í heiminum verði ekki stefnt í hættu og að efnahagsþróun geti haldið áfram á sjálfbæran máta.
Parísarsamkomulagið	Parísarsamkomulagið skyldar þær 195 þjóðir sem skrifuðu undir til að vinna saman að því að halda hnattrænni hlýnun af mannavöldum innan 2°C marksins, með aukamarkmið að reyna að stefna að því að halda því innan 1,5°C. Það hefur í för með sér að stöðva aukningu í losun gróðurhúsalofttegunda eins fljótt og hægt er og ná jafnvægi á milli losunar og bindingar.
Bernarsamningurinn (staðfestur 1993)	Markmið samningsins er að vernda evrópskar tegundir villtra plantna og dýra og lífsvæði þeirra.

Tafla 6. Alþjóðlegir samningar sem Ísland á aðild að.



Mynd 24. Gönguleið út með Víkurhömrum.

5.4 VALKOSTIR OG MAT Á ÁHRIFUM

Í umhverfismatinu verða metin möguleg umhverfisáhrif valkosta er snerta íbúðarbyggð, atvinnu og samgöngur.

Megin áherslur í greiningu á kostum og sviðsmyndum verður þó eftirfarandi:

- Byggð: Fjallað verður um mismunandi kosti í uppbyggingu íbúðar- og atvinnusvæða og þá sérstaklega varðandi staðsetningu þeirra, afmörkun og byggðamynstur.
- Frekari uppbygging ferðaþjónustu og staðsetning nýrra lóða fyrir þá uppbyggingu.
- Möguleikar í uppbyggingu annarra fjölbreyttra atvinnuvega.
- Uppbygging göngustíga og gönguleiða um svæðið og mótun miðbæjarkjarna.

Í matinu verða kostir bornir saman innbyrðis og við óbreytt ástand, þ.e. gildandi skipulag og þá sviðsmynd að ekkert verði aðhafst miðað við núverandi ástand. Kostir verða bornir saman m.t.t. umhverfispáttá með aðstoð gátlista og samanburður á þeim settur fram í yfirlitstöflum. Sveitarstjórn og byggingar- og skipulagsnefnd Mýrdalshrepps mun leggja mat á umhverfisáhrif áætlunarinnar með aðstoð ráðgjafahóps um endurskoðun aðalskipulagsins. Umhverfismatið verður byggt á þeim matsspurningum sem lagðar eru fram í töflu 2 um hvern umhverfispátt.

Eftirfarandi einkennum áhrifa verður lýst:

Umfang: Hversu stórt eða umfangsmikið svæði verður fyrir áhrifum af áætlun og hversu margir kunna að verða fyrir áhrifum. Er líklegt að áhrif áætlunar gæti yfir sveitarfélagsmörk/landamæri?

Líkur: Hverjar eru líkur á áhrifum og hversu varanleg eru þau? Eru áhrifin t.d. afturkræf eða óafturkræf, tímabundin eða varanleg?

Sammögnun áhrifa: Er líklegt að einstakir stefnuþættir skipulagsins geti valdið sammögnuðum áhrifum á umhverfið?

Áhætta: Kann áætlunin að auka áhættu fyrir heilbrigði fólks og umhverfið.

Áhrif umhverfismatsins eru metin út frá einkennum áhrifanna m.t.t. viðmiða sem skilgreind eru út frá stefnuskjölum og markmiðum sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum,

öðrum opinberum stefnuskjölum, lögum eða alþjóðlegum skuldbindingum. Jafnframt verður byggt á upplýsingum sem koma fram við kynningu og samráð meðan á undirbúningi skipulagsins stendur.

Ef umhverfisáhrif eru talin verða verulega neikvæð verður kannað hvort unnt sé að draga úr áhrifum með mótvægisáðgerðum.


Þar sem óvissa er um áhrif verður gerð grein fyrir henni og hvort að hún sé háð útfærslu á stefnu aðalskipulagsins á síðari stigum, s.s. við gerð deiliskipulags eða við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, eða hvort gera þurfi vöktunaráætlun fyrir viðkomandi umhverfispátt.

6 SKIPULAGSFERLIÐ

6.1 TÍMAÁÆTLUN

Gert er ráð fyrir að skipulagsferlið taki um eitt ár. Framvinda er þó háð ákvarðanatöku sveitarstjórnar og nefnda sveitarfélagsins og getur því eftir atvikum tekið skemmri eða lengri tíma. Hér eru sett fram drög að tímaáætlun með fyrirvara um breytingar.

1. **UNDIRBÚNINGUR** - Fundir með sveitarstjórn – Vettvangsskoðun – Markmiðasetning – Kortagrunnar. Í **VINNSLU**.
2. **FORSENDUR OG MEGINMARKMIÐ** – Öflun upplýsinga – Lýsing send umsagnaraðilum og kynnt almenningi – Opinn íbúafundur– Umfang og áherslur umhverfismats – Mótun framtíðarsýnar og markmiða. Í **VINNSLU**
3. **FYRSTU DRÖG** – Landgreining - Endurskoðun á landnotkun – Tillögugerð - Drög að umhverfisskýrslu - Úrvinnsla og stefnumótun.
4. **ÖNNUR DRÖG** – Landnotkunarupprættir og skýringarkort - Skipulagstillaga og umhverfisskýrsla kynnt og samþykkt í nefndum og bæjarstjórn - Kynning fyrir íbúa, hagsmunaaðila og nágrannasveitarfélög.
5. **SKIPULAGSTILLAGA TIL ATHUGUNAR HJÁ SKIPULAGSSTOFNUN** - Samþykkt tillögu og umhverfisskýrslu - Frágangur vöktunaráætlunar - Athugun Skipulagsstofnunar á skipulagstillögu.
6. **SKIPULAGSTILLAGA TIL AUGLÝSINGAR** - Skipulagstillaga og umhverfisskýrsla til auglýsingar - Kynning fyrir íbúa - Auglýsing á skipulagstillögu og umhverfisskýrslu (6 vikur).
7. **LOKAAFGREIÐSLA AÐALSKIPULAGS** - Úrvinnsla athugasemda - Frágangur á tillögu eftir auglýsingu - Afgreiðsla á skipulagstillögu til Skipulagsstofnunar - Staðfesting Skipulagsstofnunar.



6.2 SAMRÁÐ OG KYNNING

Einn þáttur í vinnuferli við aðalskipulag er að kynna það á ýmsum stigum þar sem m.a. er leitað eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa og annarra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta um mörkun stefnu og skipulagsmarkmiða.

Opnir samráðs- og kynningarfundir verða haldnir í Mýrdalshreppi og auglýstir í staðarblaði og á heimasíðu sveitarfélagsins. Meginmarkmið slíkra funda er að virkja íbúa sveitarfélagsins til þátttöku í aðalskipulagsvinnunni og kalla fram skoðanir og hugmyndir þeirra á upphafsstigum skipulagsvinnunnar. Íbúum mun gefast fleiri tækifæri til að koma athugasemdum, hugmyndum, ábendingum og spurningum á framfæri.

Skipulags- og matslýsing þessi verður kynnt í samræmi við gr. 4.2.4. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Hún verður auglýst og kynnt á vef sveitarfélagsins. Gefinn verður tveggja vikna frestur til að koma á framfæri ábendingum.

Drög að skipulagstillögu á vinnslustigi verða kynnt á vef sveitarfélagsins og á opnu húsi. Kynningin verður auglýst á vef sveitarfélagsins og í dagblöðum. Fréttum af helstu áföngum vinnunnar verður jafnframt miðlað eftir því sem tilefni er til.

Umsagnar- og samráðsaðilar

Þessi verkefnislýsing verður send til umsagnar Skipulagsstofnunar og eftirtalinna aðila sem hafa annað hvort lögbundið hlutverk sem tengist gerð aðalskipulags eða að þeir hafa staðið að áætlunum sem hafa bein áhrif á aðalskipulagið eða það mun taka mið af. Lýsingin verður einnig send til nágrannasveitarfélaganna, Skaftárhrepps og Rangárbings eystra. Sömu aðilar munu jafnframt fá tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi til kynningar og umsagnar, fyrir formlega auglýsingu í samræmi við skipulagslög. Lýsingin verður jafnframt send til kynningar til ýmissa atvinnutengdra hagsmunasamtaka og félagasamtaka í sveitarfélaginu.

Haft verður samráð við aðila sem fara með málaflokka sem skipulagið nær til.

Eftirfarandi aðilum verður sent bréf þar sem óskað verður eftir samráði og ábendingum um mál sem snerta starfssvið þeirra:

- Umhverfisstofnun
- Skaftárhreppur
- Rangárþing eystra
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
- Fiskistofa
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Vegagerðin
- Veðurstofan
- Samgöngustofa
- Minjastofnun Íslands
- Ferðamálastofa
- Forsætisráðuneytið
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Katla jarðvangur
- Landvernd
- Landgræðslan
- Skógræktin
- Kirkjugarðaráð
- RARIK
- Landsnet

7 HEIMILDIR

Ritaðar heimildir:

Alþingi Íslands. (2006). Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Sótt á: <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2006105.html>

Alþingi Íslands. (2010). Skipulagslög nr. 123/2010. Sótt á: <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/090-2013>

Alþingi Íslands. (2015a). Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum., (713), 20–23.

Alþingi Íslands. (2015b). Reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015, (660).

Alþingi Íslands. (2015c). Tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu 2015–2026. Sótt á: <http://www.althingi.is/altext/144/s/1163.html>

Alþingi Íslands. (2008–2009). Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009–2013. <https://www.althingi.is/altext/136/s/0239.html>

Áfangastaðaáætlun Kötlu jarðvangs. <http://www.katlageopark.is/um-jardvanginn/afangastadaaaetlun/>

Byggðarstofnun. 1990. Mýrdalshreppur. Atvinnulíf og byggðaðróun. <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/myrdalshreppur.pdf>

Ferðamálastofa (2017). Ferðapjónusta á Íslandi í tölum. <https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/ferdtjonusta-i-tolum>

Hagstofa Íslands. Hagstofa Íslands. Sótt á: <https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/sveitarfelog-og-byggdakjarnar/>

Jafnréttisáætlun Mýrdalshrepps.

<https://www.vik.is/files/27/20140930084850713c9c14e57e2d709ac98c4861e698d2.pdf>.

Menntastefna Mýrdalshrepps. <https://www.vik.is/files/27/20110607112626919.pdf>.

Stjórnartíðindi B-deild, nr. 101/1978. https://www.ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/dyrholaey_101_1978.pdf

Umhverfisstofnun. (2018). Ástandsmat áfangastaða innan friðlýstra svæða.

<https://www.ust.is/library/Skrar/utgefid-efni/astand-fridlystra-svaeda/%C3%81standsmat%20fer%C3%B0amannasta%C3%B0a%20innan%20fri%C3%B0l%C3%BDstra%20sv%C3%A6%C3%B0a-2018.pdf>

VSÓ Ráðgjöf. (2012). Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012-2028.

<http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=05635060411983371108>

Vefsíður:

Hagstofa Íslands: www.hagstofa.is

Umhverfisstofnun: www.ust.is

Veðurstofa Íslands: www.vedur.is

Vegagerðin: www.vegagerdin.is